

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 17. janúar 2019
UST201812-159/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulagsbreyting - Rifós að Lóni - Norðurþingi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Norðurþings er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Rifós að Lóni í Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir þeim möguleika að byggja skýli eða hús, þar sem mænishæð skal vera að hámarki 9,0 m, yfir þau 20 eldisker sem gert er ráð fyrir innan byggingareits C. Auk þess kemur fram að staðsetning mannvirkja innan byggingarreits er frjáls.

Sérstaka verndin

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem sýnir náttúruvirkni sem falla undir sérstaka vernd, er skipulagssvæðið á nútímahrauni. Umhverfisstofnun telur að svæðið sem breytingartillagan nær til falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkni sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar er sú að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að svæðinu sé lýst með ítarlegri hætti og metið hvernig tillagan hefur áhrif á jarðminjar á svæðinu. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að jarðminjum verði ekki raskað á svæðinu sem tillagan nær til og staðsetning byggingareits taki mið af jarðminjunum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ásýnd og byggingar

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að byggja skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits, eitt eða fleiri í senn. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvert flatarmál byggingarinnar verður.


Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í kafla 2.2.1 í Landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum*“.

Það er mat Umhverfisstofnunar að byggingarmagn á svæðinu mun verða umtalsvert þar sem tillagan gerir ráð fyrir að heimilt er að byggja skýli eða hús yfir 20 eldisker þar sem leyfileg mænishæð er allt að 9,0 m. Umhverfisstofnun telur því að byggingin muni líklega hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur